

1865.

30. ágúst.

til kaldra kola 5. s. m., hafð þér í bræfi dagsettu 16. júnímán. þ. á. sýnt fram á, að þörf sé á, að kirkjan verði reist aptur, svo fljótt sem auðið er, og sent hingað uppdrátt, er smíða á nýju kirkjuna eptir, og þrír menn, er þekkja til húsagerðar, hafa búið til, þar með áætlun um viði og önnur föng, er þarf til smíðisins. Þér hafð einnig skýrt frá, að þér hafð hlutast til um, að viðir þessir verði keyptir, og beiðzt samþykkis stjórnarráðsins bæði til þess, sem þér þegar hafð gjört, og eins til þess, að kaupa megi skrúða og önnur áhöld handa kirkjunni, og að segja megi upp fé því, 2460 ríkisdöllum, er kirkjan á á vöxtum í jarðabókarsjóði Íslands, og því sé síðan varið ásamt öðrum efnum kirkjunnar til þess að borga kostnað þann, er kirkjusmíðið hefir í för með sér. Að endingu hafð þér getið þess, að nefnd nokkur, er sóknarmenn höfðu kosið, hafi stungið uppá, að amtmannshúsinu, Friðriksgáfu, væri breytt í kirkju, en að þér hafð ekki álitnið það hagfellt, og hafð þér samt áður borið það undir menn þá, er að ofan er um getið.

Útaf þessu skal yður til vitundar gefið, að dómsmálastjórnin bæði samþykkir það sem þér þegar hafð gjört í þessu efni, og fellst einnig á það, að þér gjörið ráðstafanir þær, sem þér hafð bent á að gjöra þurfi. Uppdráttur sá og áætlun, sem að framan er um rædt, fylgir með bræfi þessu.

62. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um borgun fyrir skemmdir á eggveri.

30. ágúst.

Þér hafð, herra amtmaður, sent utanríkisstjórninni bænarskrá úr Norðurmúla sýslu um að heimtað verði fé, er formennirnir á 3 enskum fiskiskútum áttu að greiða aðalverzlunarfulltrúa Danakonungs í Lundúnum fyrir skemmdir á eggveri í Vopnafirði, og er það 1 $\frac{1}{4}$ pund sterling í sektir og 6 pund sterling í skadabætur. Eptir að utanríkisstjórnin nú hefir fengið skýrslu um, að búið er að greiða aðalverzlunarfulltrúanum fé

1865.
30. ágúst. Þetta, hefir hún hlutast til um, að dómsmálastjórninni hefir verið borgað það, og beðið oss um að senda yður það, herra amtmaður.

Vér sendum yður því með bréfi þessu ávísunarbréf frá verzlunarhúsinu Örum og Wulff uppá C. Grönvold, verzlunarfulltrúa þeirra á Vopnafirði, og er það 65 rd. 9 1/2 sk. að upphæð; eruð þér beðnir að koma því á framfæri, og senda oss skýrteini fyrir, að þér hafið fengið það.

30. ágúst.

63. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptyfirvaldanna á Íslandi, um útleggingu á „Anabasis” Xenófons.

Með bréfi dagsettu 24. aprílmán. þ. á. hafið þér, herra stiptamtmaður, og þér, háæruverðugi herra, sent hingað álitskjal frá Bjarna Jónssyni, skólameistara, útaf bænarskrá, er stjórnarráðinu hafði borizt frá Halldóri Friðrikssyni, kennara við latínuskólann í Reykjavík, um að prenta megi útleggingu á „Anabasis” Xenófons, er hann hefir samið, á kostnað skólasjóðsins, í þrem deildum aptan við skólaskýrsluna, er gefin er út á ári hverju, og að honum og Gísla Magnússyni, skólakennara, er farið hefir yfir útleggingu þessa og lagað hana, sè veitt hæfileg þóknun fyrir þenna starfa þeirra.

Um þetta skal yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar og til þess að þér kunngjörið það, að stjórnarráðið leyfir, að útleggung þessi verði prentuð á kostnað skólasjóðsins á þann hátt, sem sókt er um, og skal því við bætt, að þegar prentunin er búin mun nákvæmlegar verða íhugað, hvort veitt verði borgun fyrir að semja útleggunguna.